

### **3. fundur Hafnarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, þriðjudaginn 13. desember 2011 og hófst hann kl. 20:00**

#### **Fundinn sátu:**

Tryggvi Ársælsson (TÁ), Magnús Kr. Guðjónsson (MKrG), Jóna Sigurveinsdóttir (JS), Birna Benediktsdóttir (BB), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS),

**Fundargerð ritaði:** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, hafnarstjóri

#### **Dagskrá:**

- 1. 1112014 - Umhverfisstofnun - Áætlun um móttöku og meðh. úrgangs og farmleifa frá skipum.**  
Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar þurfa hafnir landsins að uppfylla óskir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) varðandi áætlunargerð um móttöku og meðhöndlun úrgangs. Vinna þarf áætlun fyrir Tálknafjarðarhöfn og skila til Umhverfisstofnunar fyrir 15.mars 2012. Hafnarstjóra og hafnarvörðum falið að vinna drög að áætlun. Samþykkt samhljóða.
- 2. 1111086 - Hafnarsamband Í - Umhverfisstefna hafna.**  
Fyrir fundinum liggur bréf frá Hafnarsambandi Íslands dagsett 21.nóvember, meðfylgjandi drög að umhverfis- og öryggisnefndar að umhverfisstefnu og gögn þar sem tífundum eru þau lög og reglugerðir sem varða umhverfisþætti í rekstri hafna. Hafnarstjóri í samráði og samvinnu við hafnarstjórn og hafnarverði tekur erindið til úrlausnar. Samþykkt samhljóða.
- 3. 1110077 - Endurbygging gömlu bryggju fundargerð verkfundar**  
Lagðir fyrir fundargerðir verkfunda :
  1. verkfundur haldinn á Tálknafirði 21.október 2011
  2. verkfundur haldinn á Tálknafirði 4.nóvember 2011
  3. verkfundur haldinn á Tálknafirði 18.nóvember 2011Hafnarstjóri (EIS) fór yfir framkvæmdastöðu hvað hefur verið greitt. Greiðslustaða í dag Tálknafjarðarhreppur hefur lagt út kr. 14,5 milljónir. Lagt fram til kynningar. Samþykkt samhljóða.
- 4. 1111020 - Guðjón Indriða ofl - stöðuleyfi fyrir Jón Júlí BA-157.**  
Magnús Kr. Guðjónsson (MKrG) vék af fundi. Birna Benediktsdóttir (BB) tók sæti sem varamaður. Fundargerð 39.fundar bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps þann 28.nóvember 2011 var kynnt á fundinum, þar sem bygginga- og skipulagsnefnd tók sama erindi fyrir. Hafnarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um að lögð verði fram skrifleg verkáætlun áður en framkvæmdir hefjast. Samþykkt samhljóða.
- 5. 1103027 - Önnur mál**  
Birna Benediktsdóttir (BB) vék af fundi og Magnús Kr. Guðjónsson (MKrG) tók aftur sæti á fundinum.  
Hafnarstjóri fór yfir gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar vegna gerðar fjárhagsáætlunar árið 2012, einungis verður um verðlagsbreytingu að ræða samkvæmt ákvæði í gjaldskránni.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:25**

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>